

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi á Akureyri.

1. áfangi Naustahverfis.

a) Stækkun byggingarreita við Klettatún.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. september 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í stækkun byggingarreita á lóðunum nr. 1-9 og 11-19 við Klettatún til vesturs, norðurs og suðurs, þannig að þeir verða 14 x 51,75 m í stað 12 x 50 m.

Sveitarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna ofangreindra breytinga.

b) Breytt húsgerð við Skálatún.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 26. ágúst 2004 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi J-reita við Skálatún. Breytingin felst í því að í stað eins einbýlishúss og parhúss á hverjum reit komi einnar hæðar raðhús með þremur íbúðum og innbyggðum bílskúrum.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Íbúðarsvæði sunnan Reynilundar.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarráð Akureyrar í umboði bæjarstjórnar á fundi sínum 26. ágúst 2004 samþykkt breytingar á deiliskipulagi íbúðarsvæðis sunnan Reynilundar sem samþykkt var í desember 2002.

Breytingarnar taka til suðvesturhluta svæðisins, þar sem skv. fyrra deiliskipulagi var gert ráð fyrir tveimur lóðum fyrir 3 sambyggð fjölbýlishús á hvorri. Eftir breytingu verða húsín stakstæð á fjórum lóðum, auk sameiginlegrar lóðar Grenilundar 2 og Bjarkarlundar 1 fyrir leiksvæði. Kvöð um almennar gangstéttar innan lóða fellur út.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður auglýst skipulagsbreyting skv. samþykkt bæjarstjórnar 2. september 2003.

Akureyri, 2. nóvember 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.